

## Leikreglur íslandsmótsins 2020

1 a) Í keppninni gilda reglur Alþjóða krullusambandsins, WCF, eftir því sem við á

### 2. Keppnisfyrirkomulag

- a) Leikin er tvöföld umferð allra liða.
- b) Leikjum er raðað fyrirfram á brautir 2 og 4. Heimilt er þó að víkja frá þessari uppröðun ef aðrar brautir eru betri til spilunar og verða liðsstjórar beggja liða að samþykka breytingar. Ákveðið er eftir heflun hvaða brautir verða notaðar hverju sinni.
- c) Í upphafi snúa menn steini eða varpa hlutkesti um hvort liðið hefur val á síðasta stein eða lit.

### 3. Leikir og stig

- a) Leikir eru sex umferðir og fæst einn vinningur (stig) fyrir hvern unninn leik.
- b) Ef lið eru jöfn að stigum eftir 6 umferðir skal leika aukaumferð(ir) þar til úrslit fást.

### 5. Röðun liða

- a) Um endanlega röð liða ræður fjöldi vinninga (stiga) úr leikjum.
- b) Þegar tvö lið eru jöfn að vinningum skulu innbyrðis viðureignir ráða röð liðanna. Ef hvort lið hefur unnið einn leik skal nota umferðir, steinar aðferðina úr öllum leikjunum.
- c) Þegar þrjú eða fleiri lið eru jöfn að vinningum skal þeim raðað niður sem unnt er á grundvelli vinninga í innbyrðis viðureignum. Þeim liðum sem þá standa enn jöfn skal raðað á grundvelli vinninga í innbyrðis viðureignum þeirra. Dugi það ekki til ræður fjöldi enda og síðan steina um röðun liða í sæti. Sé enn ekki hægt að fá úrslit ræður fjöldi steina sem lið hefur fengið á sig.
- d) Ef kemur til útreiknings á umferðum og steinum í lok móts telja umferðir og steinar í aukaumferðum ekki með.

### 6. Mæting í leiki og frestun leikja

- a) Að jafnaði skulu vera fjórir leikmenn í hvoru liði þegar leikur hefst. Hefja má þó leik með þremur leikmönnum ef gildar ástæður liggja fyrir forföllum. Komi fjórði maður til leiks eftir að leikur er hafinn má hann hefja leik í sinni stöðu þegar næsta umferð eftir að hann mætir til leiks hefst.
- b) Sjái liðsstjóri fram á að geta ekki mætt til leiks með að minnsta kosti þrjú leikmenn í tiltekinn leik skal hann hafa samband við liðsstjóra andstæðinganna eigi síðar en í hádeginu á keppnisdegi og biðja um frestun. Við veikindi eða í mjög óvæntum tilvikum er heimilt að hafa samband síðar. Ef óska þarf eftir frestun leiks skulu liðsstjórar hafa virðingu við andstæðinginn og íþróttina að leiðarljósi. Komi liðsstjórar sér saman um frestun skulu þeir gera mótsstjórn viðvart sem finnur nýjan leikdag.
- c) Ef ekki hefur verið óskað eftir frestun leiks og lið mætir til leiks með færri en þrjú leikmenn gildir grein R11 í reglum WCF.